





Guðmundur Jensson
f. 8. febrúar 1950 - d. 26. janúar 2023



Forspil

Orðin mín

Bragi Valdimar Skúlason

Bæn

Drottinn er minn hirðir

Margrét Scheving / Davíðssálmur

Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.
Á grænum grundum
lætur hann mig hvílast,
leiðir mig að vötnum,
þar sem ég má næðis njóta.
Hann hressir sál mína,
leiðir mig um réttan veg
fyrir sakir nafns síns.
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,
óttast ég ekkert illt því þú ert hjá mér.

Sproti þinn og stafur huggar mig.
Þú býrð mér borð
frammi fyrir fjendum mínum,
þú smyrð höfuð mitt með olíu,
bikar minn er barmafullur.
Já, gæfa og náð fylgja mér
alla ævidaga mína,
og í húsi drottins bý ég langa ævi.
Drottinn er minn hirðir,
mig mun ekkert bresta.

Ritningarlestur

Þar sem fyrrum

Oddgeir Kristjánsson / Ási í Bæ

Þar sem fyrrum ypptu björtum ölduföldum
ægisdætur fram við sjónarrönd,
rauðaglóðir leiftra hátt mót himintjöldum,
hafið faðmar landsins yngstu strönd.

Það var undur okkar beztu ævistunda
út við sund að mætast fyrsta sinn
og við fundum innst í hjörtum beggja blunda
brumið und' er snart ég vanga þinn.

Og silfurmáni sigldi yfir byggð
um sumarkvöld við hétum ævitryggð.

Þegar sunna lýsir jökla ár og ögur
anga grös og brosir hlíðarkinn,
þá er jörðin ung og heit og undrafögur
ævintýra bústaðurinn minn.



Guðspjall

Lítill fugl

Sigfús Halldórsson / Örn Arnarsson

Lítill fugl á laufgum teigi
losar blund á mosasæng,
heilsar glaður heiðum degi
hristir silfurdögg af væng.

Flygur upp i himinheiðið
hefir geisla straum í fang,
siglir morgun svala leiðið
sest á háan klettadrang.

Þykist öðrum þröstum meiri
þenur brjóst og sperrir stél.
Vill að allur heimur heyri
hvað hann syngur lista vel.

Skín úr augum skáldsins gleði
skelfur rödd við ljóðin ný.
Þó að allir þrestir kveði
þetta sama dirrin dí.

Þykist öðrum þröstum meiri
þenur brjóst og sperrir stél.
Vill að allur heimur heyri
hvað hann syngur lista vel.

Litli fuglinn ljóða vildi
listabrag um vor og ást.
Undarlegt að enginn skyldi
að því snilldarverki dást.



Minningarorð

Góða nótt

Oddgeir Kristjánsson / Ási í Bæ, Árni úr Eyjum

Dagurinn kveður, mánans bjarta brá
blikar í skýjasundi.
Lokkar í blænum, leiftur augum frá,
loforð um endurfundi.

Góða nótt – góða nótt.
Gamanið líður fljótt.
Brosin þín bíða mín,
er birtan úr austri skín.

Dreymi þig sólskin og sumarfríð,
syngjandi fugla lækjarnið.
Allt er hljótt – allt er hljótt,
ástin mín – góða nótt.

Bæn – Fadir vor

Imagine

John Lennon

Imagine there's no heaven,
it's easy if you try,
No hell below us,
above us only sky.
Imagine all the people living for today.

Imagine there's no countries,
it isn't hard to do,
Nothing to kill or die for,
and no religion too.
Imagine all the people living life in
peace.

You may say I'm a dreamer,
But I'm not the only one.
I hope someday you'll join us,
And the world will be as one.

Imagine no possessions,
I wonder if you can,
No need for greed or hunger,
a brotherhood of man.
Imagine all the people
sharing all the world.

Moldun

Nú legg ég augun aftur / Ég fel í forsjá þína

P.C. Krossing / Sveinbjörn Egilsson / Matthías Jochumsson

Nú legg ég augun aftur,
ó, Guð, þinn náðarkraftur
mín veri vörn í nótt.
Æ, virst mig að þér taka,
mér yfir láttu vaka
þinn engil, svo ég sofi rótt.

Ég fel í forsjá þína,
Guð faðir, sálu mína,
því nú er komin nótt.
Um ljósið lát mig dreyma
og ljúfa engla geyma
öll börnin þín, svo blundi rótt.

Eftirspil

Fjölskylda Guðmundar þakkar auðsýnda samúð og vinarhug
og býður kirkjugestum að þiggja veitingar í safnaðarheimili Fríkirkjunnar
Laufásvegi 13 að athöfn lokinni. Bálför fer fram síðar.

Prestur: Hjörtur Magni Jóhannsson
Orgel: Aðalheiður Þorsteinsdóttir
Kór: Félagar úr Léttisveit Reykjavíkur
Stjórnandi: Gísli Magna
Söngur: Vókal
Einsöngur: Hafsteinn Þórólfsson
Umsjón: Borg útfararþjónusta
Sálmaskrá: Leturstofan